



**Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
v/starfsleyfis SKOTREYNAR**

Reykjavík, 17. ágúst 2024.

Varðar umsókn SKOTREYNAR um starfsleyfi fyrir skotvöll félagsins á Álfsnesi.

Vísað er til umsóknar SKOTREYNAR frá 30. júlí sl. um endurnýjun starfsleyfis fyrir skotvöll félagsins á Álfsnesi í Reykjavík.

Í lið 12 í skilmálum breytingar á aðalskipulagi vegna svæðisins segir:

“Undirbúa skal frekari rannsóknir á áhrifum mögulegrar blýmengunar á lífríki og fuglalíf sérstaklega og vistkerfi, sbr. lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og gerð vatnaáætlunar. Mikilvægt er að rekstraraðilar skotvalla geri grein fyrir áhrifum starfseminnar á vatn, sbr. markmið um verndun þeirra og ásættanlegt ástand, sbr. Vatnaáætlun, við undirbúning útgáfu starfsleyfa. Við frekari rannsóknir á ástandi viðkomandi vatnshlota mætti skoða þann möguleika að huga að þeim rannsóknum í tengslum við undirbúning framkvæmda við Sundabraut og skal Reykjavíkurborg bera kostnað af þeim rannsóknum.”

Vegna framangreinds vilja SKOTVÍS og SKOTREYN koma eftirfarandi á framfæri.

Skilmáli þessi er tvíþættur:

- 1) Hann lítur annars vegar að því að undirbúa skuli frekari rannsóknir á áhrifum mögulegrar blýmengunar á lífríki og fuglalíf sérstaklega og vistkerfi sbr. lög nr. 36 frá 2011, um stjórn vatnamála og gerð vatnaáætlunar. Tekið er fram að Við frekari rannsóknir á ástandi viðkomandi vatnshlota mætti skoða þann möguleika að huga að þeim rannsóknum í tengslum við undirbúning framkvæmda við Sundabraut og skal Reykjavíkurborg bera kostnað af þeim rannsóknum.
2. Í öðru lagi lýtur hann að því að rekstraraðilar skotvalla geri grein fyrir áhrifum starfseminnar á vatn sbr. markmið um verndun þeirra og ásættanlegt ástand, sbr. vatnaáætlun, við undirbúning útgáfu starfsleyfa.

Hvað varðar fyrrihluta skilmálans þ.e. um frekari rannsóknir á áhrifum blýmengunar, sem Reykjavíkurborg skal bera kostnað af, þá gera félögin engar athugasemdir við að slík rannsókn fari fram á vegum Reykjavíkurborgar. Félögin taka undir að eðlilegt kunnir að vera að huga að þessu við framkvæmdir við Sundabraut áður en jarðvinna hefst m.a.



vegna tilfærslu á jarðvegi. Félaginu hefur verið tjáð svæðið hafi verið notað sem óopinber ruslahaugur áður en skotvöllurinn var fluttur þangað og því gæti ýmislegt komið í ljós við slíka skoðun. Samkvæmt núverandi hugmyndum mun Sundabraut liggja þvert um völl SKOTREYNAR. Félögin vilja hins vegar árétta að ekkert liggi fyrir um að blýmengun berist frá svæðinu né að blý frá svæðinu hafi valdið dauða fugla eða annarra dýra. Ekkert slíkt tilvik er þekkt. Félögin vilja einnig benda á að þeim er ekki kunnugt um hvort einhver grunnviðmið um blý í jarðvegi, vatni eða dýralífi hafi verið gefin út fyrir Ísland. Þessi hluti skilmálans hefur hins vegar, með vísan til framangreinds, engin áhrif á veitingu starfsleyfisins nú sbr. framangreint og umfjöllun um seinni hluta skilmálans sem nú verður vikið að.

Hvað varðar síðari hluta skilmálans þ.e. sem lítur að því að rekstraraðilar skotvalla geri grein fyrir áhrifum starfseinnar á vatn sbr. markmið um verndun þeirra og ásættanlegt ástand, sbr. vatnaáætlun, við undirbúning útgáfu starfsleyfa, þá er félaginu ljúft og skylt að upplýsa um eftirfarandi.

Í 12. grein laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og gerð vatnaáætlunar kemur eftirfarandi fram:

■ **12. gr. Yfirborðsvatn og grunnvatn.**

Vernda skal yfirborðs- og grunnvatnshlot og tryggja að ástand þeirra versni ekki. Ástand þeirra skal styrkja og endurheimta með það að markmiði að efnafræðilegt ástand sé að lágmarki gott. Þá skal tryggja sjálfbæra nýtingu grunnvatns þannig að jafnvægi sé milli vatnstöku og endurnýjunar.

Starfsemi SKOTREYNAR notar ekki vatn og því þarf ekki að huga að vatnsnotkun. Á svæðinu eru eingöngu notuð tvær tegundir muna sem haft gætu áhrif á vatn þ.e. haglaskot og leirdúfur. Samkvæmt vottuðum upplýsingum frá framleiðendum haglaskota og leirdúfna innihalda hvorki haglaskotin né leirdúfurnar blý eða PAH efni sbr. meðylgjandi upplýsingablöð. Notkun þessara efna hefur verið hætt. Öll skothylki eru einnig fjarlægð af völlum um leið og hverri skotæfingu lýkur. Félögin fallast auðvitað á að skilyrði um þetta verði í starfsleyfinu þ.e. um að blýskot verði ekki notuð og ekki PAH verði í leirdúfum sem notaðar verði á svæðinu.

Í ljósi framangreinds telja félögin að starfsemi SKOTREYNAR hafi lítil sem engin áhrif á yfirborðsvatn eða grunnvatn á svæðinu. Ástand svæðisins og vatns á svæðinu mun því ekki versna, einkum m.t.t. fyrri notkunar þess, við áframhaldandi starfsemi á svæðinu.

Heppilegra sé, m.t.t. verndunar vatns, að nýta umrætt svæði áfram heldur en að flytja starfsemina á nýtt svæði. Þá sé staðsetning svæðisins landfræðilega einnig heppileg m.t.t. verndunar vatns einkum grunnvatns.



Auk framangreinds vill SKOTREYN taka fram að félagið er alveg tilbúið til þess að vakta fuglalíf á og við svæðið eins og kostur er og láta rannsaka dauða eða deyjandi fugla, finnst fuglar á svæðinu, til að hægt sé að tilgreina dánarorsök eða orsök veikinda telji HER þörf á því. Félaginu er ekki kunnugt um neitt slíkt tilvik hingað til. Greina mætti það á dýraspítala og frekar á Keldum ef grunur léki á að ástæðan væri mengun frá svæðinu.

Undirritaðir munu góðfúslega veita frekari upplýsingar verði þess óskað.

Kveðja,
Skotveiðifélag Íslands
SKOTREYN

Áki Ármann Jónsson, formaður SKOTVÍS
Ívar Pálsson, ritari og lögfræðingur SKOTVÍS
Róbert Reynisson, formaður SKOTREYN